

Sp.

451. Tillaga til þingsályktunar

[273. mál]

um skattaívilnun vegna ættleiðingar barna.

Flm.: Helgi Seljan, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa nú þegar breytingar á lögum um tekjuskatt sem mæli fyrir um ákveðna skattaívilnun til þeirra foreldra sem ættleiða börn erlendis frá með gífurlegum tilkostnaði. Kannaðar verði leiðir til lækkunar útsvars af sömu ástæðum. Enn fremur verði kannaðir möguleikar til afturvirkni þessara ívilnana, svo sem frekast er kostur.

Greinargerð.

Ættleiðingar barna erlendis frá færast sífellt í vöxt. Ástæður eru öllum kunnar, augljósar og eiga fyllsta rétt á sér frá tilfinningalegu og mannlegu sjónarmiði. Til ýmissa fjarlæggra þjóðlanda hefur verið leitað, og er gert í ríkum mæli, enda ekki um aðra möguleika að ræða. Í sumum þessara landa hefur verið lokað fyrir þessa möguleika, en þá er annarra leitað. Auk þess að hafa ómetanlegt og varanlegt lífsgildi fyrir viðkomandi foreldra er einnig oft um að ræða björgun mannlífa. Hins vegar er hér um verulegar fjárupphæðir að tefla og mikinn aukakostnað — en óhjákvæmilegan — og full ástæða er til að kanna hvort ekki eigi að taka tillit til hans við álagningu tekjuskatts árið eftir, og jafnframt veita lækkun á útsvari.

Aukin lífsgæfa, meiri lífsfylling, nýr lífstilgangur — þessir þættir verða að vísu aldrei metnir til fjár eða lagðir á skattavog. Engu síður þykir flm. að það fólk, sem af ríkri nauðsyn, þar sem sjálf lífshamingjan er oft í veði, kostar svo miklu til í fyrirhöfn, ferðalögum og fjármunum, hljóti að eiga til þess nokkurn rétt að samfélagið taki tillit til þessa alls. Hér er hins vegar aðeins um ívilnun í eitt ár að ræða og skiptir því litlu fyrir samfélagið, en þeim mun meira fyrir viðkomandi aðila.

Flm. þykir og sjálfsagt að jafnframt séu kannaðar leiðir til útsvarslækkunar hjá sveitarfélögum.

Afturvirkni er erfið og e. t. v. óframkvæmanleg, en flm. þykir samt rétt að láta kanna hvað unnt er að gera í því efni. — Frekari rökstuðningur bíður framsögu.